

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um umferðaröryggisgjald, nr. 681/1995.

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi: Gjaldið nemur 500 kr. fyrir hverja skoðun eða skráningu skv. 1. mgr.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:
Skoðunarstöðvar sem annast aðalskoðun ökutækja skulu annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skoðunar um leið og innheimt er gjald fyrir skoðun hverju sinni.

Samgöngustofa og Vinnueftirlitið skulu annast innheimtu umferðaröryggisgjalds vegna skráningar ökutækis um leið og innheimt er gjald fyrir skráningu þess.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála, nr. 119/2012, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 24. nóvember 2021.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.